

## Ályktun um launaþróun

Ársfundur Kennarasambands Íslands haldinn á Hótel Sögu 18. apríl 2012 lýsir alvarlegum áhyggjum af launaþróun kennara í skólum landsins þar sem meðaldagvinnulaun eru nú hið minnsta 13% lægri hjá kennurum en meðaldagvinnulaun sambærilegra hópa háskólamanna. Kennarastéttin hefur búið við langvarandi vanmat á menntun til launa hvort sem er á uppgangs- eða krepputímum. Kennarinn er háskólamenntaður sérfræðingur og á að hafa laun við hæfi. Það er löngu tímabært að menntun sé metin að verðleikum af viðsemjendum KÍ, ríki og sveitarfélögum.

---